



Ágætu foreldrar/forráðamenn

Miðannarmat haustannar 2014 er nú aðgengilegt á upplýsingavef framhaldskóla, INNU, sem þú hefur aðgang að.

Nemendum Verkmenntaskólans, yngri en 18 ára, er gefið miðannarmat. Með miðannarmatinu vill skólinn upplýsa foreldra á miðri önn um stöðu og gengi barna þeirra í einstökum fögum. Líta má á einkunnina sem umsögn kennara á þessum tíma en endanlegur árangur nemenda mun ráðast af því hve vel þeir sinna námi sínu til loka annarinnar. Þannig felast í matinu ábendingar til foreldra og nemenda um það hvar vel sé unnið, hvar halda þurfi vel á spilum og hvar nauðsynlegt sé að gera betur. Forráðamönnum er bent á að snúa sér til umsjónarkennara óski þeir eftir frekari skýringum á því sem fram kemur í miðannarmatinu.

Kennarar í einstökum áföngum meta nemendur á grundvelli þess hve vel þeir hafa sinnt námi sínu og hvernig þeir standa nú gagnvart lokamati í áfanganum. Þannig byggir miðannarmatið ekki á einu prófi eða verkefni heldur á því hvernig nemandinn hefur sinnt námi sínu, ástundun, mætingu og hvaða árangri hann hefur náð til þessa á önninni. Aðeins eru notaðar fjórar einkunnir, A, B, C og D.

A - Afar góð staða þýðir að nemandinn standi vel að vígi, komi undirbúinn í kennslustundir og stundi námið vel.

B - Góð staða þýðir að staða nemandans í námi sé góð en hann gæti gert betur.

C - Sæmileg staða þýðir að nemandinn megji ekki slaka á og þurfi að bæta sig til að ná markmiðum áfangans.

D - Slæm staða þýðir að nemandinn hafi stundað námið illa. Lágmarkseinkunn í áfanganum geti hann aðeins náð með því að taka sig verulega á í náminu.

Aðgengi að Innu - Hvernig er nýtt/gleymt lykilorð sótt?

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta fengið aðgang að Innu. Á heimasíðu VMA er hnappur fyrir innskráningarsíðu INNU (inna.is).

Nota kennitölu og **íslykil** (ráðlagt).

eða

Nota lykilorð frá INNU (verður lagt af á næstu árum).

1. Smelltt er á tengilinn "Gleymt lykilorð"
2. Kennitalan er slegin inn. Forráðamaður notar eigin kennitölu.
3. Inna sendir lykilorð í tölvupósti á netfang forráðamanns sem skráð var í Innu þegar sótt var um skólann.

Ef þetta gengur ekki þá er líklegast að ekki hafi verið skráð rétt netfang í INNU. Hafið þá samband við undirritaða. Vinsamlega skoðið hvort aðrar persónuupplýsingar eru réttar í Innu.

Bestu kveðjur úr Verkmenntaskólanum á Akureyri,
Áfangastjórar.
(shs@vma.is, bensi@vma.is).